



Stefna UMSK 2019-2022

Endurskoðuð stefna
lögð fram á ársþingi
UMSK 2019

Stefna UMSK 2019-2022

Framtíðarsýn UMSK



UMSK ætlar að viðhalda stöðu sinni sem leiðandi héraðssamband og vera öflugur bakhjarl í kraftmiklu starfi aðildarfélaga sinna. Þannig leggur UMSK sitt af mörkum til að skapa betra samfélag öllum til hagsældar.

UMSK fylgist grannt með þróun lýðheilsu og íþróttatengdra málefna í nágrennalöndum og nýtir mátt sinn til að dreifa fræðslu og miðla faglegri sérþekkingu svo íþróttahreyfingin haldi áfram að vaxa og dafna.

Með miðlun fræðslu og aðgengi að sérþekkingu er UMSK traustur bakhjarl iðkenda, sjálfboðaliða, starfsmanna og stjórnenda.

UMSK vill stuðla áfram að þróttmiklu íþróttá- og félagsstarfi og þannig rækta heilbrigði og hreysti íbúa.

UMSK mun styðja aðildarfélög í samskiptum við sveitarfélög með það að markmiði að efla skipulagt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa.

Stefna UMSK 2019 - 2022

Hlutverk UMSK



Í stefnu UMSK '14-'18 var hlutverk félagsins skilgreint í umfangsmiklu samstarfi við aðildarfélögin. Sú stefna hefur reynst félaginu vel og rammað inn starfsemina á þann hátt að framkvæmdastjóri og stjórn félagsins hafa stuðst við hana í störfum sínum.

Fræðsla

lökendur
Stjórnendur
Sjálfbóðaliðar

Sækja fram

Fagmennska
Ímynd
Sérþekking

Tengja

Aðildarfélög
Sveitarfélög
ÍSÍ / UMFÍ
Embætti landlæknis

Styðja við

Aðildarfélög
Forvarnarsarf
Lýðheilsa

Meginmarkmið UMSK '19-'22

Fagleg ráðgjöf og þjónusta aukin

- Efla enn frekar innra starf félaganna
- Virk samskipti við aðildarfélög
- Vera ráðgefandi
- Stuðla að þverfaglegu samstarfi og samvinnu aðildarfélaga
- Aðstoð við styrkumsóknir

Kröfur um aukna þjónustu aðildarfélaga UMSK aukast með hverju árinu. Því fer sífellt meira af tíma stjórnenda í að sinna daglegum rekstri, upplýsingagjöf til ýmissa aðila og bregðast við áreiti nærumhverfisins. Minni tími er til þekkingaröflunar sem eykur eftirspurn eftir ráðgjöf og sérhæfri aðstoð.

Hagmunamál aðildarfélaga UMSK eru á margan hátt þau sömu og því mikilvægt að til staðar sé samráðsvettvangur þar sem aðildarfélögin geta skipst á skoðunum, lært hvort af öðru og sameinast um einstök verkefni.



Stefna UMSK 2019-2022



Mælanleg markmið

Að lágmarki 20 fræðslunámskeið haldin sem UMSK styður fjárhagslega á hverju ári

- Að lágmarki fjórir viðburðir í hverju sveitarfélagi á ári
- Námskeið og fræðslufundir
- Virk samskipti við aðildarfélög um fræðslu og miðlun sérþekkingar
- Fjöldi framkvæmdastjórafunda (a.m.k. 2)
- Fjöldi heimsóknna til félaga (hitta hvert félag a.m.k. tvisvar á ári)
- Stuðla að og efla samvinnu aðildarfélaga um stærri viðburði og námskeið eða fundi
- Fjöldi styrkumsóknna

Aðgerðir

- a) Formgera samstarf við stjórnendur aðildarfélaga um hvernig UMSK getur aðstoðað aðildarfélögin sem best
- b) Fylgjast með straumum og stefnum í samfélaginu hérlandis og erlendis og bregðast við þeim
- c) Ráða verkefnastjóra sem getur stutt við þróunarverkefni hjá aðildarfélögum og UMSK
- d) Hefja skráningu á fjölda innsendra erinda

Nýta kraft aðildarfélaga UMSK til að efla lýðheilsu í samstarfi við sveitarfélög

- Aðstoða aðildarfélög við að auka framboð á fjölbreyttri hreyfingu fyrir alla aldurshópa
- Tengja saman helstu hagsmunaaðila
- Bæta lýðheilsu á öllum aldurskeiðum
- Aðstoða við mótun aðgerða í þágu lýðheilsu
- Aðgerðir sem stuðla að forvörnum

Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning um hlutverk sveitarfélaga í baráttunni gegn lífsstílsjúkdómum. Ofþyngd og fylgikvillar hennar kosta þjóðfélagið árlega háar fjárhæðir og skila sér í auknu álagi á heilbrigðisstofnanir. Stjórnvöld hafa í því skyni lagt fram lýðheilsustefnu sem m.a. felur í sér að öll sveitarfélög verði heilsueflandi sveitarfélög og að Íslendingar verði ein heilbrigðasta þjóð heims árið 2030.

Í öllum sveitarfélögum á félagssvæði UMSK starfa öflug íþróttafélög sem hvert á sínu svæði gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Því eru til staðar undirstöður í nærsamfélaginu fyrir sveitarfélögin til að byggja ofan á öflugna lýðheilsustefnu. UMSK er reiðubúið til að aðstoða aðildarfélög sín og viðkomandi sveitarfélög við markvissa uppbyggingu lýðheilsustefnu og innleiðingu hennar.



Stefna UMSK 2019-2022



Nýta kraft aðildarféлага UMSK til að efla lýðheilsu í samstarfi við sveitarfélög

Mælanleg markmið

Að 40% íbúa á UMSK svæðinu verði virkir iðkendur innan íþróttahreyfingarinnar fyrir árið 2022

- Í dag eru 34% íbúa virkir iðkendur
- Minnka brottfall barna og ungmenna
- Ná til barna og ungmenna sem ekki eru þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi
- Auka þátttöku fullorðinna í reglulegri hreyfingu

Aðgerðir

- a) Vinna með sveitarfélögum við að ná lýðheilsu-markmiðum í samstarfi með aðildarfélögum
- b) Hvetja til aukins samstarfs aðildarféлага, félagsmiðstöðva og skóla. Með það að markmiði að auka hreyfingu ungmenna
- c) Vinna að auknu framboði móta fyrir 50 ára og eldri.
- d) Stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara í samstarfi við aðildarfélög og sveitarfélög
- e) Hvetja aðildarfélögin til að auka framboð á íþróttastarfi þar sem meiri áhersla er lögð á þátttöku og samveru frekar en árangur

Stefna UMSK 2019-2022

Áherslur í starfi UMSK 2019 - 2022



1. Samstarf og stuðningur

- Að UMSK komi með markvissum hætti að samvinnu íþróttafélaga innan hvers sveitarfélags
- Í gegnum UMSK eigi aðildarfélög öflugan málsvara innan og utan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Íbúar á öllum aldri á sambandssvæði UMSK séu virkir í félagsstarfi aðildarfélaga
- UMSK verður drifkraftur uppbyggingar á faglegu starfi innan aðildarfélaga og ekki síður í samstarfi við sveita félögin á sambandsvæðinu

2. Fræðsla og kynning

- Að styrkja félagsfærni iðkenda með því að leggja áherslu á eflingu sjálfstrausts, leiðtogafærni, samskipta o.fl.
- Auka almenna vitund aðildarfélaga, sveitarfélaga og iðkenda á hlutverki, starfsemi og þjónustumöguleikum UMSK
- Efla heilbrigðan lífstíl og kynna millkílvægi hreyfingar innan bæði aðildar- og sveitarfélaga
- Standa að fræðslu um almennar áherslur leiðbeinanda í íþrótt- og félagsstarfi fyrir stjórnarmenn, þjálfara og sjálfboðaliða aðildarfélaga. Dæmi: kennslufræði, félagslegir þættir, næring, einelti, forvarnir o.fl.

Stefna UMSK 2019-2022



3. Íþróttastarf

- UMSK verði leiðandi í stefnumörkun og samræmingu íþróttastarfs innan sambandssvæðis.
- UMSK aðstoði aðildarfélög við lágmörkun á brottfalli iðkenda
- UMSK eigi frumkvæði við að leita leiða til að styðja við afreksstarf innan sambandssvæðisins.
- leiðbeina aðildarfélögum og sveitarfélögum um uppbyggingu almenningsíþróttá

4. Fjármögnun

- Auka hlutdeild UMSK og aðildarfélaganna í fjármagni frá Lottó og Íslenskum Getraunum
- Öflun innlendra og erlendra styrkja til uppbyggingar á faglegu íþróttastarfi, framþróun ífélagsfærni o.fl.

Stefna UMSK 2019-2022



Grunnur að starfsemi UMSK byggir áfram á stefnu UMSK 2014-2018 sem var unnin í umfangsmiklu samstarfi við aðildarfélögin.

Við endurskoðun stefnunnar fyrir árin 2019-2022 er:

- Framtíðarsýn skilgreind í fyrsta sinn
- Meginmarkmið búin til á grunni áherslna síðustu ára
- Mælanleg markmið sett
- Aðgerðir mótaðar til að ná settum markmiðum

Uppbygging endurskoðaðrar stefnu er í samræmi við stefnupýramídan hér til hliðar.



Stjórn UMSK og framkvæmdastjóri unnu að endurskoðun nýrrar stefnu í samstarfi við Ásgeir Runólfsson og Amar Pálsson ráðgjafa Capacent.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá umsk@umsk.is og asgeir.runolfsson@capacent.is





www.umsk.is